Reykjavík

Félagmiðstöðin Þróttheimar

Starfsáætlun 2026-2027



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:
Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

LÁTUM DRAUMANA RÆTAST

Efnisyfirlit:

Inngangur 3
Innra mat 2025-2026 3
Umbótaáætlun 2026-2027 4
Þróunarverkefni og áherslur starfsársins 9
Helstu dagsetningar 10
- Ágúst 10
- September 10
- Október 10
- Nóvember 11
- Desember 11
- Janúar 11
- Febrúar 11
- Mars 11
- Apríl 11
- Maí 11
- Júní og júlí 12

Inngangur

Í þessari aðgerðaráætlun er fjallað um innra mat félagsmiðstöðvarinnar Þróttheima auk þess sem tilgreindir eru viðburðir og dagsetningar í hverjum mánuði sem skiptir máli í starfinu.

Markmið með innra mati er að efla árangur og gæði frístundastarfs. Metið er út frá útgefnum Viðmiðum og vísbendingum fyrir innra og ytra mat á gæðum frístundastarfs Reykjavíkurborgar þar sem vísbendingar sem þykja framúrskarandi eða mjög góðar eru taldar til styrkleika en vísbendingar sem fá einkunnina ábótavant eða óviðunandi fara í umbótaáætlun. Niðurstöður viðhorfskannana eru ávallt rýndar í innra mati.

Innra mat 2025-2026

Styrkleikar og tækifæri eru byggð á niðurstöðum úr innra mati síðasta árs og unnin út frá matsblöðum fyrir áhersluþætti innra mats.

Styrkleikar (vísbendingar sem fá A)

- Starfsumhverfi er án aðgreiningar og einkennist af hlýju, öryggi og virðingu.
- Lögð er áhersla á forvarnar-, menntunar og/eða afþreyingargildi við dagskrárgerð í félagsmiðstöðinni.
- Reglulega eru haldnir viðburðir (s.s. ferðir, sýningar, keppnir, böll, þemakvöld og heimsóknir).
- Forstöðumaður virkjar starfsfólk, börn, unglinga og aðra hagsmunaaðila við mótun þjónustunnar.
- Forstöðumaður/stjórnendateymi hvetur starfsfólk markvisst til að nýta styrkleika sína, hæfileika og sérþekkingu í starfi.
- Við ráðningu nýrra starfsmanna er hugað að fjölbreytileika í starfsmannahópnum.

Tækifæri (vísbendingar sem fá C eða D)

- Lýðræðislega er valið í félagsmiðstöðvaráð og önnur ábyrgðarhlutverk
- Unglingar og börn hafa mótandi áhrif á aðstöðu félagsmiðstöðvarinnar
- Markvisst er leitað eftir skoðunum þeirra sem eiga erfitt með að koma skoðunum sínum á framfæri, s.s. vegna fötlunar, tungumáls, félagslegrar aðstöðu eða veikinda.

Umbótaáætlun 2026-2027

Heiti aðgerðar:	Hlutastarfsfólk fái skyndihjálparfræðslu
Umbótaþáttur/matsþáttur	Mannauður og faglegt starf - B
Tækifæri til umbóta.	Hlutastarfsfólk þarf að fá aðgang að skyndihjálparfræðslu
Aðgerðir til umbóta.	Kanna framboð á skyndihjálparnámskeiði og óska eftir að hlutastarfsfólki verði boðin þátttaka.
Ábyrgð	Guðbjörg
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Hefst í nóvember 2026. Stefnt er að því að fyrirkomulag liggi fyrir fyrir lok nóvember.
Hvenær og hvernig á að endurmeta?	Í lok febrúar 2027 verður farið yfir hvort námskeið hafi verið kannað og starfsfólki boðin þátttaka.
Viðmið um árangur.	Hafi skyndihjálparnámskeið verið haldin eða skipulögð fyrir hlutastarfsfólk á þessu skólaári er metið sem svo að árangri hafi verið náð.

Heiti aðgerðar:	Reglulegir dagskrárgerðarfundir með hlutastarfsfólki
Umbótaþáttur/matsþáttur	Mannauður og faglegt starf - B
Tækifæri til umbóta.	Auka þarf samráð og þátttöku hlutastarfsfólks í mótun dagskrár.
Aðgerðir til umbóta.	Halda sérstakan dagskrárgerðarfund þriðja mánudag hvers mánaðar og tryggja að hlutastarfsfólk geti lagt fram hugmyndir.
Ábyrgð	Guðbjörg
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Hefst í nóvember 2026 og heldur áfram út starfsárið.
Hvenær og hvernig á að endurmeta?	Í lok mars 2027 verður farið yfir fundaskráningar og þátttöku hlutastarfsfólks. Upplifun þeirra könnuð.
Viðmið um árangur.	Í starfsmannaviðtölum í mars verður starfsfólk spurt út í upplifun þeirra af aukinni aðkomu að dagskrárgerð.

Heiti aðgerðar:	Fjölbreyttari starfsmannahópur
Umbótaþáttur/matsþáttur	Mannauður og faglegt starf - B
Tækifæri til umbóta.	Auka þarf fjölbreytileika starfshópsins
Aðgerðir til umbóta.	Auglýsa sérstaklega eftir fólki sem okkur vantar inn í starfhópinn til þess að geta endurspeglað þjóðfélagið betur.
Ábyrgð	Guðbjörg
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Við næstu ráðningu á starfsárinu.
Hvenær og hvernig á að endurmeta?	Óljóst. Rýna ráðningarferlið fyrir næstu ráðningu og meta hvort fjölbreytileiki og ólík sérþekking hafi verið höfð til hliðsjónar.
Viðmið um árangur.	Óljóst. Fjölbreytileiki, reynsla og sérþekking eru höfð til hliðsjónar við undirbúning og framkvæmd næstu ráðningar

Heiti aðgerðar:	Hugmyndakassi
Umbótaþáttur/matsþáttur	Virk þátttaka og lýðræði - B/C
Tækifæri til umbóta.	Unglingar þurfa að hafa aðgengilegan vettvang til að koma hugmyndum og ábendingum á framfæri.
Aðgerðir til umbóta.	Setja upp hugmyndakassa í Þróttheimum og skilgreina reglulegt verklag við að fara yfir hugmyndir og bregðast við þeim.
Ábyrgð	Guðbjörg Lára
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Hefst í nóvember og lýkur í desember.
Hvenær og hvernig á að endurmeta?	Við lok árs verður kannað hvort kassinn hefur verið settur upp og hvort hugmyndir hafi verið rýndar.
Viðmið um árangur.	Hugmyndakassi er aðgengilegur og verklag um yfirferð hugmynda liggur fyrir.

Heiti aðgerðar:	Stofnun félagsmiðstöðvarráðs
Umbótaþáttur/matsþáttur	Virk þátttaka og lýðræði - B/C
Tækifæri til umbóta.	Ekki er starfandi félagsmiðstöðvaráð í Þróttheimum og því þarf að skapa formlegan vettvang fyrir þátttöku unglinga.
Aðgerðir til umbóta.	Undirbúa stofnun félagsmiðstöðvaráðs og skilgreina hlutverk þess, val í ráðið og leiðir til þátttöku.
Ábyrgð	Guðbjörg Lára
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Hefst í janúar og lýkur í maí 2027
Hvenær og hvernig á að endurmeta?	Í lok febrúar 2027 verður metið hvort ráðið hafi verið stofnað og hlutverk þess skilgreint.
Viðmið um árangur.	Félagsmiðstöðvaráð hefur verið stofnað og hlutverk þess kynnt unglingum.

Heiti aðgerðar:	Ná öllum í Þróttheima
Umbótaþáttur/matsþáttur	Virk þátttaka og lýðræði – B/C
Tækifæri til umbóta.	Þörf er á markvissari leiðum til að ná til unglinga sem hafa ekki sótt Þróttheima.
Aðgerðir til umbóta.	Kortleggja leiðir til að ná til unglinga sem ekki sækja félagsmiðstöðina, heimsækja skólann og kynna starfið og hlusta eftir hugmyndum þeirra.
Ábyrgð	Guðbjörg Lára
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Nóvember 2026 til loka mars (fyrir páska) 2027.
Hvenær og hvernig á að endurmeta?	Skrá heimsóknir og kynningar og taka saman stöðuna í lok febrúar 2027.
Viðmið um árangur.	Markviss kynning hefur farið fram í skólanum og framkvæmd hennar verið skráð.

Heiti aðgerðar:	Abler
Umbótaþáttur/matsþáttur	Bjargir og skipulag A/B
Tækifæri til umbóta.	Í prufu á Abler upplifðu foreldrar að tilkynningar væru of margar. Notkun kerfisins var því sett tímabundið á pásu.
Aðgerðir til umbóta.	Vinna með Abler að því að foreldrar geti valið tilkynningar um dagskrá og opnunartíma. Leita eftir sjónarmiðum foreldra áður en notkun hefst að nýju.
Ábyrgð	Guðbjörg Lára
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Hefst 2. nóvember 2026. Stefnt er að ákvörðun um endurupptöku um áramót.
Hvenær og hvernig á að endurmeta?	Nýta samtöl við foreldra, endurgjöf þeirra og uppfærslur frá Abler. Fara yfir stöðuna um áramót.
Viðmið um árangur.	Ákvörðun um áframhaldandi notkun byggir á samráði við foreldra og skýrara fyrirkomulagi tilkynninga.

Heiti aðgerðar:	Þröskuldur í stúdíó
Umbótaþáttur/matsþáttur	Bjargir og skipulag A/B
Tækifæri til umbóta.	Þröskuldur í stúdíói getur hindrað aðgengi.
Aðgerðir til umbóta.	Fylgja eftir beiðni um að þröskuldur í stúdíói verði fjarlægður.
Ábyrgð	Guðbjörg Lára
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Beiðni var send 20. október 2026. Stefnt er að því að fá svör fyrir áramót.
Hvenær og hvernig á að endurmeta?	Um áramót verður staða málsins yfirfarin og skráð hvort þröskuldur hafi verið fjarlægður eða hvenær framkvæmd er fyrirhuguð.
Viðmið um árangur.	Beiðni hefur verið afgreidd eða næstu skref og tímasetning liggja fyrir.

Heiti aðgerðar:	Mánaðarlegir dagskrárliðir um hinseginleika
Umbótaþáttur/matsþáttur	Starfshættir og viðfangsefni A/B
Tækifæri til umbóta.	Tryggja þarf sýnilega og reglulega umfjöllun um hinseginleika í dagskrá félagsmiðstöðvarinnar.
Aðgerðir til umbóta.	Setja að minnsta kosti einn dagskrárlið um hinseginleika inn í dagskrá hvers mánaðar.
Ábyrgð	Guðbjörg Lára

Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Hefst í nóvember 2026 og gildir út starfsárið.
Hvenær og hvernig á að endurmeta?	Rýna dagskrár í lok starfsárs og telja dagskrárliði sem tengjast hinseginleika.
Viðmið um árangur.	Dagskrá hvers mánaðar inniheldur að minnsta kosti einn dagskrárlið um hinseginleika.

Heiti aðgerðar:	Mánaðarlegir dagskrárliðir um fjölmenningu
Umbótaþáttur/matsþáttur	Starfshættir og viðfangsefni A/B
Tækifæri til umbóta.	Tryggja þarf að fjölmenning og fjölbreytt reynsla unglinga endurspeglist reglulega í starfinu.
Aðgerðir til umbóta.	Setja að minnsta kosti einn dagskrárlið um fjölmenningu inn í dagskrá hvers mánaðar.
Ábyrgð	Guðbjörg Lára
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Hefst í nóvember 2026 og gildir út starfsárið.
Hvenær og hvernig á að endurmeta?	Rýna dagskrár í lok starfsárs og telja dagskrárliði sem tengjast fjölmenningu.
Viðmið um árangur.	Dagskrá hvers mánaðar inniheldur að minnsta kosti einn dagskrárlið um fjölmenningu.

Þróunarverkefni og áherslur starfsársins

Starf Þróttheima tekur mið af Menntastefnu Reykjavíkurborgar til ársins 2030, almennum aðgerðum hennar fyrir árin 2025–2027 og Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Sérstök áhersla verður lögð á inngildingu, jafnrétti, félagsfærni, sjálfseflingu, mannréttindi og virka þátttöku unglinga. Unnið verður eftir eigin inngildingar- og fjölmenningarstefnu Þróttheima með það að markmiði að allir unglingar upplifi öryggi, virðingu og tilheyri samfélagi félagsmiðstöðvarinnar.

Starfið styðst sérstaklega við leiðarljósið *Barnið sem virkur þátttakandi*, grundvallarþættina félagsfærni, sjálfseflingu og sköpun og áhersluna *Fagmennska og samstarf í öndvegi*. Einnig er horft til aðgerða sem stuðla að farsæld og inngildingu. Í Barnasáttmálanum er einkum stuðst við 2. gr. um bann við mismunun, 3. gr. um það sem barninu er fyrir bestu, 12. gr. um rétt barna til að tjá skoðanir sínar, 15. gr. um félagafrelsi og 31. gr. um rétt til hvíldar, tómstunda og menningar.

Helstu þróunarverkefni starfsársins eru mánaðarlegar menntaskólaopnanir og samstarfsverkefni með Amnesty International um mannréttindafræðslu og Gula fánann. Stefnt er að því að halda að minnsta kosti átta menntaskólaopnanir á starfsárinu, skrá þátttöku og safna endurgjöf frá gestum. Jafnframt verður unnið að því að uppfylla viðmið Gula fánans í samstarfi við Amnesty International og félagsmiðstöðvar í Laugardals- og Háaleitis–Bústaðahverfi.

Jafnt aðgengi að félagsstarfi verður ein af megináherslum ársins. Reglubundnir viðburðir, böll, klúbbar, hópastarf og gistinætur verða gjaldfrjáls til að draga úr fjárhagslegum hindrunum fyrir þátttöku. Fylgst verður með þátttöku og endurgjöf unglinga um aðgengi þeirra að starfinu. Fjölmenningarvika verður haldin í samstarfi við grunnskóla hverfisins og stefnt að góðgerðarviku í samstarfi við Laugardals- og Háaleitis–Bústaðahverfi. Markmiðið er að unglingar taki virkan þátt í skipulagningu verkefnanna og efli mannréttindavitund, samkennd, virðingu fyrir fjölbreytileika og samfélagslega ábyrgð.

Til að efla fagmennsku og gæði starfsins hefjast örviðtöl við starfsfólk í október og formleg starfsmannaviðtöl fara fram í apríl. Ábendingar úr viðtölum verða nýttar til að skilgreina umbætur og fylgja þeim eftir.

Árangur verður metinn í lok starfsárs með skráningu þátttöku, fjölda framkvæmda verkefna, endurgjöf unglinga og starfsfólks og framvindu samstarfsverkefna. Með reglulegu mati verður hægt að greina tækifæri til umbóta og meta hvort starfið stuðli að aukinni þátttöku, inngildingu og jákvæðri upplifun unglinga af Þróttheimum.

Helstu dagsetningar

Skólasetning var 24. Ágúst, þann dag var starfsdagur félagsmiðstöðva haldinn til að stilla saman strengi fyrir veturinn. Fyrsta þriðjudag í hverjum mánuði er opið í Þróttheimum fyrir krakka á menntaskólaaldri. Seinasta fimmtudag í hverjum mánuði er félagsmiðstöðvarhermir foreldranna. Vetrarfríið hefst þann 22. Október og lýkur 26. Október – starfsmenn Þróttheima fara saman til Írlands í starfsmannaferð yfir vetrarfríið. Seinasta vikan í nóvember (23.-27.) verður fjölmenningarvika sem haldin er í samstarfi við Laugalækjarskóla og Vogaskóla. Vika númer tvö í febrúar er vika 6 (8.-12.) Í viku tvö í mars er fyrirhugað að hafa góðgerðarviku, samstarf milli Laugardals og Háaleiti-Bústaða hverfis.
Við höldum tvær gistinætur og þær eru haldnar fyrir áramót til þess að dreifa álagi sem best. Fyrst er haldin gistinótt 10. Bekkjar, hún er haldin 2. Október 2026, gistinótt 8.-9. Bekkjar er haldin 20. Nóvember 2026. Örviðtöl við starfsmenn fara í gang í október, starfsmannaviðtöl hefjast í apríl í beinu framhaldi af páskafríinu sem lýkur þann 29. Mars. Skólaslit eru fimmtudaginn 10.júní og sumarstarf félagsmiðstöðvanna mun þ.a.l hefjast mánudaginn 14. Júní og standa til föstudagsins 9. Júlí eða í fjórar vikur.

Þróunarverkefnin okkar þetta árið eru menntaskólaopnanirnar sem haldnar eru fyrsta þriðjudag hvers mánaðar og samstarf með Amnesty sem mun vonandi leiða til þess að félagsmiðstöðvar Laugardals og Háaleitis-og Bústaða hverfis verði þær fyrstu til þess að fá ,,Gula fánann'' frá Amnesty. Aðrar áherslur starfsársins eru að halda viðburðum með öllu kostnaðarlausum (böll, - hópastörf, klúbbar og gistinætur). Ferð Þróttheima er sú eina þar sem útgjalda frá krökkunum er krafist og er þeim útgjöldum haldið í algjöru lágmarki, t.a.m með því að fara ekki í skíðaferð, þar sem skíðaferðir eru dýrar – ekki einungis vegna langs ferðalags heldur einnig vegna þess að dýrs búnaðar er krafist til þess að geta farið í slíka ferð.

Ágúst

- 24. ágúst: Skólasetning og starfsdagur félagsmiðstöðva.
- 26. ágúst: Fyrsta opnun skólaársins; farið var yfir sumarið og væntingar til komandi starfsárs.

September

- 2. september: Rósaball í Langholtsskóla þar sem 10. bekkur tekur á móti nýjum 8. bekk.
- 4. september: Treyjudagurinn, til stuðnings börnum með krabbamein.
- 8. september: Fyrsta 16+ opnun starfsársins; 22 ungmenni mættu.
- 14.–18. september: Gul vika með dagskrá um geðheilbrigði, meðal annars trúnó, jóga og framtíðarsýn.
- 16. september: Pálínuboð miðstigsins; yfir 300 gestir mættu.
- 24. september: Foreldrahermir; um 60 gestir, fulltrúar 39 barna, tóku þátt. Samfélagslöggan kom einnig í heimsókn.
- 25.–27. september: Hinsegin landsmót; þrjú ungmenni frá Þróttheimum tóku þátt og starfsmaður hélt ljósmyndasmiðju.
- 30. september: Vinnustofa um réttindamiðaða nálgun á Menntakviku Háskóla Íslands.
- Í september hófst einnig sértækt hópastarf fyrir strákahóp í 10. bekk og samstarf við ýmsa aðila hélt áfram.

Október

- 2. október: Gistinótt 10. bekkjar; 37 unglingar gistu.
- 6. október: 16+ opnun; 40 ungmenni mættu.
- 9.–11. október: Landsmót Samfés; fulltrúar Þróttheima í sexuráði tóku þátt.
- 15. október: Þróttheimar kynntu starfsemina á foreldradegi í Langholtsskóla.
- 19. október: Félagsmiðstöðvardagurinn; dagskrá um sögu og mikilvægi félagsmiðstöðva.
- 21.–27. október: Vinnuferð til Írlands með heimsóknum til Belvedere Youth Club, Irish Refugee Council, Belong To, Bradóg Youth Services og Clay Youth Project.
- 29. október: Foreldrahermir.

- Unnið var áfram að uppbyggingu bókasafns Þróttheima.

Nóvember

- 3. nóvember: 16+ opnun.
- 9.–11. nóvember: Skrekkur; úrslit 16. nóvember.
- 20. nóvember: Rímnaflæði.
- 20. nóvember: Gistinótt 8.–9. bekkjar.
- 23.–27. nóvember: Fjölmenningarvika í samstarfi við félagsmiðstöðvar í nærumhverfinu.
- 26. nóvember: Foreldrahermir.
- 27. Nóvember: Mathöll fimmunar

Desember

- 2. desember: 16+ opnun.
- 17. desember: Stefnt er að opnun Jólahúss Þróttheima fyrir fjölskyldur í hverfinu. Viðburðurinn er hugsaður sem samfélagsleg samvera og kemur í stað draugahúss þetta árið.
- Fyrir áramót: Fyrirhuguð jafningjafræðsla í samstarfi við UN Women um stafrænt öryggi og kynning á ljósagöngu samtakanna.

Janúar

- 5. janúar: 16+ opnun.
- 22. janúar: Samféscon.
- 28. janúar: Foreldrahermir.

Febrúar

- 2. febrúar: 16+ opnun.
- 5. febrúar: Danskeppni Samfés.
- 6. febrúar: Hönnunarkeppnin Stíll.
- 8.–12. febrúar: Vika 6.
- 19. Febrúar söngkeppni fyrrv. Kringlumýrar
- 22.–23. febrúar: Vetrarfrí. Vinnuferð stjórnenda er til skoðunar; fyrirkomulag hefur ekki verið ákveðið.

Mars

- 2. mars: 16+ opnun.
- Fyrsta vika mars: Farsældarvika.
- Í mars er stefnt að Þróttheimaferð; dagsetning og áfangastaður eru óákveðin.

Apríl

- 6. apríl: 16+ opnun.
- 6.–7. apríl: Aðalfundur Samfés.
- 12.–16. apríl: Stefnt er að góðgerðarviku.
- 29. apríl: Foreldrahermir.
- Formleg starfsmannaviðtöl fara fram í apríl.

Maí

- 4. maí: 16+ opnun.

- 7. maí: Samfest ballið.
- 8. maí: Söngkeppni Samfés.
- 27. maí: Sameiginleg fjölskylduopnun í stað foreldrahermis.

Júní og júlí

- Skólaslit eru fyrirhuguð 10. júní. Samkvæmt núverandi áætlun hefst sumarstarf félagsmiðstöðvanna 14. júní og stendur til 9. júlí.
- Nánara fyrirkomulag sumarstarfsins liggur ekki endanlega fyrir. Undanfarin ár hefur frístundamiðstöðin samræmt starf starfsfólks félagsmiðstöðvanna og boðið bæði ævintýranámskeið fyrir 10–12 ára börn og vinnuhópa fyrir unglinga.